

Reglur um próf við Lyfjafræðideild Háskóla Íslands

1. gr. Próftökuréttur

Til þess að öðlast próftökurétt í námskeiðum þar sem verkleg kennsla eða verkefni eru hluti námskeiðs, skal nemandi hafa lokið öllum verklegum æfingum og verkefnum með tilskyldum árangri. Mætingarskylda er í verklegar æfingar og aðra námskeiðshluta sem kennari gerir kröfu um. Próftökuréttur er háður því að mætingarskylda sé uppfyllt ásamt kröfum um tilskyldan árangur.

Óski nemandi eftir undanþágu til að taka próf án þess að hafa lokið verklegum æfingum eða tilskyldum verkefnum, ber að sækja um það skriflega til verkefnastjóra kennslumála, sem kemur umsókn áfram til kennsluráðs, að höfðu samráði við viðkomandi kennara. Einkunn úr slíku prófi verður ekki send nemendaskrá til skráningar fyrr en nemandi hefur síðan lokið viðeigandi verklegum æfingum eða tilskyldum verkefnum.

2. gr. Sjúkrapróf

Ef nemandi veikist í prófi sem haldið er af prófaskrifstofu á almennu prófatímabili og getur ekki mætt til prófs þarf hann að tilkynna veikindi með tölvupósti til Nemendaskrár, nemskra@hi.is, innan þriggja daga frá prófdegi. Hið sama gildir ef barn nemanda veikist. Sjúkrapróf eru haldin í kjölfar almennra próftímabila í desember og maí samkvæmt ákvörðun prófstjóra, sjá nánari dagsetningar í kennslualmanaki HÍ. Ekki þarf að skila læknisvottorði.

Vegna hlutaprófa sem ekki eru haldin á almennu prófatímabili ber nemanda að láta viðkomandi kennara vita sem fyrst sé nemandi eða barn hans veikt, en þó ekki seinna en þremur dögum frá prófdegi. Ekki þarf að skila læknisvottorði. Sjúkrapróf eru haldin á sama tímabili og greint er frá í kennslualmanaki HÍ, eða ákveðin í samráði við viðkomandi kennara.

Eigi nemandi kost á að brautskrást við næstu brautskráningu, getur hann þurft að þreyta sjúkrapróf áður en sjúkraprófstímabil kennslualmanaks HÍ hefst.

3. gr. Fall í námskeiðum og endurtökupróf

Ef nemandi hlýtur ekki tilskylda lágmarkseinkunn á prófi í einstöku námskeiði með LYF-númeri, hefur hann rétt á að þreyta prófið öðru sinni á næsta skólaári og þarf hann þá að skrá sig aftur í námskeiðið. Undanþegnir þessari reglu eru nemendur á 1. ári í BS-námi, en auk þess að eiga kost á því að skrá sig í námskeiðið að ári, geta þeir einnig óskað eftir því að taka endurtektarpróf. Ef nemandi nær ekki lágmarkseinkunn í annað sinn, hvort sem um er að ræða endurtektarpróf eða nýja skráningu í námskeið, getur hann sótt um undanþágu til verkefnastjóra kennslumála til að fá að þreyta prófið í þriðja sinn, næst þegar námskeiðið er kennt. Undanþága þess efnis verður einungis veitt ef um sérstakar aðstæður er að ræða og aðeins veitt einu sinni á námsferli hvers nemanda.

Nemandi sem fellur á prófi í námskeiðum deildarinnar (námskeið með LYF númeri), á ekki rétt á endurtökuprófi. Undanþegin þessari reglu eru námskeið sem tilheyra 1. námsári í BS námi. Einnig geta nemendur á lokaári í námsleið (BS eða MS) átt rétt á að taka endurtektarpróf sem viðkomandi fellur í, ef viðkomandi á kost á að útskrifast við næstu brautskráningu. Einungis er veitt undanþága til að taka eitt endurtökupróf, á hvorri námsleið (námskeið sem tilheyra 1. námsári BS undanskilin).

Endurtökupróf eru haldin samtímis sjúkraprófum eftir að hefðbundnum prófum lýkur í lok haust- og vormisseris, skv. kennslualmanaki Háskóla Íslands hverju sinni. Greiða þarf sérstakt gjald fyrir endurtökupróf. Eigi nemandi kost á að brautskrást við næstu brautskráningu, getur hann þurft að þreyta endurtektarprófið áður en sjúkra- og endurtektarprófatímabil kennslualmanaks HÍ hefst.

4. gr. Reglur um próf í námsleiðinni Klínísk lyfjafræði

Ef nemandi hlýtur ekki tilskylda lágmarkseinkunn á prófi í einstöku námskeiði, getur hann óskað eftir því að taka endurtektarpróf. Einnig á hann kost á því að þreyta prófið öðru sinni á næsta skólaári og þarf hann þá að skrá sig aftur í námskeiðið. Ef nemandi nær ekki lágmarkseinkunn í annað sinn, hvort sem um er að ræða endurtektarpróf eða nýja skráningu í námskeið, getur hann sótt um undanþágu til verkefnastjóra kennslumála til að fá að þreyta prófið í þriðja sinn, næst þegar námskeiðið er kennt. Undanþága þess efnis verður einungis veitt ef um sérstakar aðstæður er að ræða og aðeins veitt einu sinni á námsferli hvers nemanda.

Endurtektarpróf eru haldin samtímis sjúkraprófum eftir að hefðbundnum prófum lýkur í lok haust- og vormisseris, skv. kennslualmanaki Háskóla Íslands hverju sinni, eða í samráði við kennara námskeiðsins. Greiða þarf sérstakt gjald fyrir endurtektarpróf.

5. gr. Námsefni til prófs

Kennara er heimilt að prófa úr fyrirlesturum eða verkefnum/dæmum unnum í kennslustund, námsefni í kennslubók, ítarefni afhent í kennslustund eða birt á heimasíðu námskeiðs, svo og öðru ítarefni sem kennari vísar til.

6. gr. Nemendur sem ekki hafa íslensku sem móðurmál

Nemendur með annað móðurmál en íslensku fá ekki lengri próftíma eingöngu á grundvelli tungumála. Lenging próftíma er einungis heimiluð samkvæmt reglum og ferlum í gegnum Námsráðgjöf Háskóla Íslands.

Allir nemendur eiga rétt á að nota viðurkenndar orðabækur í prófum sem haldin eru í prófakerfi Inspira (t.d. Bing eða Snara). Kennarar Lyfjafræðideildar eru hvattir til að þýða lykilhugtök í námsefninu fyrir öll próf deildarinnar til að auðvelda skilning allra nemenda.

Nemendur geta valið að svara prófum annaðhvort á íslensku eða ensku.

7. gr. Aðrar reglur

Varðandi framkvæmd prófa að öðru leyti, er vísað til reglugerðar Háskóla Íslands um próf.